

FÉLAGSDÓMUR

Dómur mánudaginn 16. maí 2022.

Mál nr. 1/2022:

Félag grunnskólakennara

(Karl Óttar Pétursson lögmaður)

gegn

Sambandi íslenskra sveitarfélaga

fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar

(Anton Björn Markússon lögmaður)

Dómur Félagsdóms

Mál þetta var dómtekið 26. apríl sl.

Málið dæma Ásgerður Ragnarsdóttir, Ásmundur Helgason, Guðni Á. Haraldsson, Karl Ó. Karlsson og Gísli Gíslason.

Stefnandi er Félag grunnskólakennara, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Stefndi er Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

- 1 Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefndi hafi brotið í bága við ákvæði greinar 2.3.3 um útköll í kjarasamningi Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga með því að neita að greiða A, kt. [...], fyrir útköll sem hann fór í sem kennari í [...]skóla í Hafnarfirði í janúar 2022.
- 2 Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda

- 3 Stefnandi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir

- 4 Mál þetta verður rakið til aðstoðar sem grunnskólakennurum var gert að veita við smitrakningu utan vinnutíma vegna COVID-19 faraldursins, með því að veita upplýsingar þegar í ljós kom að smitaður nemandi hafði verið hjá þeim í kennslustund.
- 5 Í fréttabréfi stefnanda frá janúar 2022 var vísað til þess að mikið hefði borið á því að kennarar hefðu beint fyrirspurnum til stéttarfélagins um greiðslur vegna aukavinnu í tengslum við faraldurinn. Kennarar voru hvattir til að kynna sér ákvæði kjarasamnings aðila um útköll. Nefnt var sem dæmi að kennari, sem skólastjóri hringdi í um kvöld eða helgi og óskaði eftir að veitti aðstoð við smitrakningu eða aðra vinnu, ætti rétt á greiðslum vegna útkalls samkvæmt grein 2.3.3 í kjarasamningnum. Tekið var fram að í útkalli fælist að starfsmaður væri kallaður til vinnu óvænt og ófyrirséð í frítíma

sínum, það er þegar hefðbundnum vinnudegi væri lokið. Væri því eðlilegt að greiðsla færi fram samkvæmt útkallsákvæði kjarasamnings aðila.

- 6 Með vísan til þessa sendi A, kennari við [...]skóla, skólastjóra tölvubréf 18. janúar 2022 og upplýsti um eftirfarandi vinnu í tengslum við smitrakningu:

Sun 16. janúar

SMS frá DE um að kíkja á Workplace út af rakningu. Fór á Workplace og svaraði. 11:26.

Mið 12. janúar

SMS + símtal frá DE út af rakningu. Svaraði nýkominn úr sundi og kláraði málið svo heima. 19:57.

Sun 9. janúar

Símtal frá DE út af rakningu. Fór í kjölfarið á Workplace og svaraði. 11:20.

- 7 Hinn 20. janúar 2022 barst stefnanda og skólastjórnendum yfirlýsing frá kjarasviði stefnda Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar var vísað til framangreindrar afstöðu stefnanda um rétt til greiðslna vegna útkalls. Tekið var fram að stefndi teldi skýrt að með útkalli í skilningi greinar 2.3.3 í kjarasamningnum væri átt við að starfsmaður væri kallaður til vinnu þegar föstum vinnutíma væri lokið. Með vísan til dóms Félagsdóms í máli nr. F-6/2003 væri rangt að í öllum tilvikum ætti að greiða fyrir útkall ef haft væri samband við starfsmann. Samkvæmt dóminum væri aðeins um að ræða útkall ef starfsmaður þyrfti að fara á vinnustað. Óháð neyðarstigi samkvæmt lögum nr. 82/2008 um almannavarnir þurfi vinnuveitandi ekki að greiða kennurum fyrir útkall vegna símtala sem berist, svo sem vegna aðstoðar við smitrakningu, upplýsingaöflun eða í tengslum við starf þeirra. Jafnframt var vísað til skyldna sóttvarnalæknis samkvæmt sóttvarnarlögum nr. 19/1997 og þess að smitrakning væri á hendi sóttvarnaryfirvalda en ekki vinnuveitenda, enda þótt stjórnendur sinntu verkefnum sem yfirvöld hefðu falið þeim. Tekið var fram að kröfum stefnanda um greiðslur vegna aðstoðar við smitrakningu og mætingu í sýnatöku vegna COVID-19 væri því hafnað.

- 8 Með tölvubréfi skólastjóra [...]skóla, sem sent var samdægurs, var fyrrgreindur kennari upplýstur um að sveitarfélagið neitaði að greiða fyrir útkall samkvæmt kjarasamningi vegna aðstoðar við smitrakningu.

Málsástæður og lagarök stefnanda

- 9 Stefnandi vísar til þess að málið snúist um ágreining um skilning og gildi kjarasamninga og falli því undir lögsögu Félagsdóms, sbr. 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna. Deilt sé um greiðslu fyrir þrjú útköll þar sem kennari hafi verið kallaður út til að sinna smitrakningu. Fyrsta tilvikið hafi átt sér stað sunnudaginn 9. janúar er kennarinn var kallaður út af yfirmanni vegna smitrakningarmála. Um sé að ræða útkall um helgi, sbr. grein 2.3.3.2 í kjarasamningi aðila. Annað tilvikið hafi átt sér stað 12. janúar en þá hafi kennarinn

fengið smáskilaboð, sem og símtal frá yfirmanni vegna beiðni um vinnu við smitrakningu. Kennarinn hafi svarað umræddu símtali og brugðist við þegar hann kom heim og tengdist tölvu. Um hafi verið að ræða útkall samkvæmt grein 2.3.3.1 kjarasamningi aðila. Loks hafi kennarinn verið kallaður út sunnudaginn 16. janúar í því skyni að leysa úr smitrakningarmálum í gegnum forritið Workplace sem hann hafi gert. Um hafi verið að ræða útkall um helgi, sbr. grein 2.3.3.2 í kjarasamningi.

- 10 Stefnandi vísar til þess að stefndi hafi neitað að greiða fyrir vinnu kennara. Ekki sé fyllilega ljóst hvort stefndi telji að sóttvarnaryfirvöld hafi átt að greiða fyrir vinnuna eða hvort félagsmenn stefnanda hafi verið í sjálfboðavinnu. Í öllu falli hafi félagsmenn stefnanda aldrei samþykkt slíkt. Þá séu þeir hvorki í vinnusambandi né öðru réttarsambandi við sóttvarnaryfirvöld, heldur starfi þeir eingöngu fyrir sveitarfélögin sem beri að greiða þeim fyrir alla vinnu sem sé unnin í samræmi við kjarasamning aðila. Það falli svo í hlut sveitarfélaganna að meta hvort þau geti sótt kostnaðinn til sóttvarnaryfirvalda.
- 11 Stefnandi tekur fram að það sé óumdeilt að vinna hafi verið innt af hendi, enda hafi umræddur kennari verið kallaður út af stjórnanda meðan á hvíldartíma stóð. Það leiði af lögum, kjarasamningi og almennum skilningi á því hvað teljist til vinnu að inna beri af hendi greiðslu til kennarans. Einnig er vísað til skilgreininga á hugtökunum vinnu og vinnutíma í Evrópurétti, sbr. vinnutímatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 88/2003 frá 4. nóvember 2003 sem hafi verið felld inn í EES-samninginn og tekið gildi 1. ágúst 2005 þegar stjórnskipulegum fyrirvara hafði verið aflétt. Í 2. gr. tilskipunarinnar sé fjallað um vinnutíma og hafi Evrópudómstóllinn talið starfsmann vera í vinnu, sem skuli greiða fyrir, þegar hann sé bundinn á einhvern hátt af atvinnurekanda sínum og geti ekki notið hvíldar- eða frítíma.
- 12 Að mati stefnanda sé fordæmisgildi dóms Félagsdóms í máli nr. 6/2003 mjög takmarkað, enda hafi þar verið vísað til venju á tilteknu sviði og að vinna geti aðeins farið fram á „vinnustað“. Aðstæður hafi breyst og í dag fari vinna fram á ýmsum stöðum en ekki einum fyrir fram skilgreindum stað. Lögð er áhersla á að samkvæmt kjarasamningi skiptist vinna kennara í staðbundna og óstaðbundna vinnu. Sé því gert ráð fyrir að vinna kennara fari fram utan skólahúsnæðis, sbr. t.d. bókun 3 í kjarasamningi um sveigjanlegt vinnuumhverfi. Það geti því aldrei verið skilyrði þess að um vinnu sé að ræða að mætt sé á „vinnustað“ eða skólahúsnæði þar sem kennsla fari fram. Það sé einnig mjög óljóst hvað átt sé við með vinnustað í dóminum og hafi sú regla sem vísað sé til í öllu falli breyst. Þá megi leiða að því rök að skilningur dómsins á hugtakinu útkall standist ekki. Þannig sé greiðsla fyrir útkall ekki greiðsla fyrir að fara út úr húsi heldur fyrir það óhagræði sem starfmaður verður fyrir í hvíldartíma sínum og sem atvinnurekanda ber að greiða fyrir án tillits til þess hvar vinnan fari fram.

Málsástæður og lagarök stefnda

- 13 Stefndi byggir á því að fyrrgreindur kennari hafi ekki sinnt útkalli í skilningi greina 2.3.3.1 og 2.3.3.2 í kjarasamningi aðila þegar hann veitti aðstoð við smitrakningu í janúar 2022.
- 14 Tekið er fram að við smitrakningu innan skóla í sveitarfélaginu hafi verið sinnt ákveðnu verklagi. Þegar tilkynning hafi borist frá smitrakningarteymi um smit innan skólans hafi deildarstjóri hafið smitrakningu í samvinnu við skólastjóra sem hafi haft yfirumsjón með verkefninu. Deildarstjóri hafi sent skilaboð til viðkomandi kennara og óskað upplýsinga um samneyti nemenda og kennarans við hinn smitaða. Hafi kennarar því lagt mat á eigin samskipti við hinn smitaða í þeirri kennslustund sem um ræðir. Jafnframt hafi kennarar verið beðnir um að leggja mat á hvaða nemendur þyrftu að fara í sóttkví vegna samskipta við hinn smitaða. Kennarar hafi miðlað þessum upplýsingum til deildarstjórans. Líkja megi samskiptum deildarstjóra og kennara við símtal frá smitrakningarteymi þegar upplýsinga sé aflað vegna smitrakningar. Enn fremur hafi stjórnendur verið búnir að undirbúa kennara og biðja þá um að hafa góða yfirsýn yfir sætaskipan í öllum tímum til að auðvelda smitrakningu ef til hennar kæmi.
- 15 Stefndi vísar til þess að miðað við lýsingu umrædds kennara á vinnu sinni megi leggja til grundvallar að hann hafi veitt skólastjórnendum aðstoð heiman frá sér í gegnum forritið Workplace. Hann hafi því ekki verið kallaður út til að sinna smitrakningu í skilningi greinar 2.3.3 í kjarasamningi aðila. Í dómi Félagsdóms í máli nr. F-6/2003 hafi sams konar ákvæði verið túlkað. Komist hafi verið að þeirri skýru niðurstöðu að eingöngu sé um að ræða útkall þegar kvaðning til vinnu feli í sér að starfsmaður þurfi að fara á vinnustað. Af þessu leiði að geti starfsmaður sinnt vinnu heiman frá utan venjulegs vinnutíma án þess að samið hafi verið sérstaklega um greiðslu beri ekki að greiða fyrir útkall. Umræddur kennari hafi ekki verið beðinn um að mæta á vinnustað, heldur um að miðla eða staðfesta upplýsingar í gegnum forritið Workplace. Þá hafi kennarinn sinnt allri upplýsingagjöf í tengslum við smitrakningu heiman frá sér.
- 16 Stefndi vísar einnig til þess að 30. mars 2020 hafi verið samþykkt á Alþingi lög nr. 27/2020, um breytingu á lögum nr. 82/2008 um almannavarnir, sem varði borgaralega skyldu starfsmanna opinberra aðila. Frumvarp það sem varð að lögunum hafi verið samið á neyðarstigi almannavarna eða þegar COVID-19 smit höfðu verið í vexti hér á landi og ekki var unnt að spá fyrir um útbreiðslu veirunnar eða þróun. Í frumvarpinu komi fram að það sé eðlilegt að opinberir aðilar geti nýtt mannauð sinn á hættustundu í þau verkefni sem njóti forgangs hverju sinni án þess að þurfa að yfirfara kjarasamninga og ráðningarsamninga og til að koma í veg fyrir hugsanlegar deilur um launakjör, yfirvinnu og aðrar greiðslur. Þá geti starfsskyldur, starfsaðstæður og starfsstöðvar starfsmanna þurft að taka tímabundnum breytingum. Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins komi einnig fram að tímabundnar tilfærslur í störfum eða breyting á starfsskyldum og vinnustöðum séu ekki bundnar ákvæðum kjarasamnings, enda sé um að ræða borgaralega skyldu starfsmanna opinberra aðila.

- 17 Stefndi tekur fram að fyrrgreindur dómur Félagsdóms hafi það ríkt fordæmisgildi að óháð neyðarstigi almannavarna sé sveitarfélögum ekki skylt að greiða kennurum fyrir útkall vegna símtala sem þeim berist frá skólastjórnendum vegna aðstoðar við smitrakningu, upplýsingaöflun eða tilkynningar í tengslum við störf þeirra.
- 18 Stefndi bendir á að horfa verði til ríkra heimilda sóttvarnalækni samkvæmt sóttvarnarlögum nr. 19/1997, eins og þeim var breytt með lögum nr. 2/2021, í þeim tilgangi að stöðva útbreiðslu kórónuveirunnar. Með lögnum hafi smitrakning verið skilgreind og sóttvarnalækni verið fengin heimild til að fela tilteknum aðilum að rekja smit. Sé stjórn smitrakningar í grunnskólum alfarið á forræði sóttvarnalækni. Fræðslunefndir sveitarfélaga og skólastjórnendur hafi eingöngu það hlutverk að miðla upplýsingum og öðrum fyrirmælum sem stafi frá sóttvarnalækni til starfsmanna sinna. Fari skólastjórnendur þannig ekki með húsbóndavald yfir starfsmönnum sínum í þeim skilningi að þeir ákveði hvernig staðið skuli að smitrakningu innan veggja skólanna eða hvernig vinnunni skuli háttað. Nánar tiltekið sé verið að sinna verkefnum sem sóttvarnaryfirvöld hafi falið skólastjórnendum, en ábyrgð á smitrakningu liggi hjá smitrakningarteyminu og sóttvarnalækni. Geti fyrirmæli sem stafi frá opinberum aðilum í þágu almannaheilla í stað vinnuveitanda aldrei talist hluti af starfsskyldum sem greiða skuli sérstaklega fyrir.
- 19 Stefndi tekur fram að hann telji umfjöllun stefnanda um vinnutímatilskipun Evrópusambandsins ekki hafa þýðingu í málinu. Við gerð kjarasamninga hafi verið tekið tillit til einstakra greina tilskipunarinnar, þar með talið að starfsmenn skuli fá samfellda ellefu tíma hvíld. Ákvæði greina 2.3.3.1 og 2.3.3.2 í kjarasamningnum hafi ekki tekið efnislegum breytingum þrátt fyrir innleiðingu tilskipunarinnar og hafi ekki verið talin þörf á endurskoðun þeirra. Sé þegar af þeirri ástæðu ljóst að tilskipunin hafi enga þýðingu fyrir mál þetta.

Niðurstaða

- 20 Mál þetta varðar ágreining um skilning á kjarasamningi og fellur undir lögsögu Félagsdóms, sbr. 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 21 Ágreiningur aðila lýtur að því hvort A, kennari við [...]skóla og félagsmaður í stefnanda, hafi átt rétt til greiðslu fyrir útköll samkvæmt grein 2.3.3 í kjarasamningi aðila þegar hann veitti þrívægis aðstoð vegna smitrakningar í janúar 2022. Það liggur fyrir að í þeim tilvikum sem um ræðir hafði stjórnandi við skólann samband við kennarann símleiðis eða með smáskilaboðum eftir að vinnutíma lauk og óskaði þess að hann veitti upplýsingar vegna smitaðs nemanda. Kennarinn varð við því og veitti upplýsingar í gegnum forritið Workplace heiman frá sér.
- 22 Grein 2.3.3 í kjarasamningi aðila ber yfirskriftina „Útköll“ og er í grein 2.3.3.1 fjallað um greiðslur fyrir útköll. Ákvæðið er svohljóðandi:

Þegar starfsmaður er kallaður til vinnu, sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skal greitt yfirvinnukaup fyrir a.m.k. 3 klst., nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan þriggja klst. frá því að hann fór til vinnu, en þá greiðist yfirvinna frá upphafi útkalls fram til þess, að reglulegur vinnutími hefist. Ljúki útkalli áður en 3 klst. eru liðnar frá lokum hinnar daglegu vinnu, skal greiða yfirvinnu fyrir tímann frá lokum hinnar daglegu vinnu til loka útkallsins.

- 23 Með dómi Félagsdóms 2. júlí 2003 í máli nr. 6/2003 var komist að þeirri niðurstöðu að efnislega sambærilegt ákvæði um greiðslur fyrir útköll í kjarasamningi, sem starfsmannafélag Reykjavíkurborgar átti aðild að, ætti samkvæmt orðalagi sínu og tilgangi einungis við um kvaðningu til vinnu sem feli í sér að starfsmaður þurfi að fara á vinnustað. Tekið var fram að það væri einnig í samræmi við viðurkennda framkvæmd á samsvarandi ákvæðum annarra kjarasamninga.
- 24 Til þess er að líta að í kjarasamningi aðila er gert ráð fyrir því að vinna kennara geti að hluta til farið fram utan vinnustaðar, það er utan veggja þess grunnskóla sem um ræðir. Þannig er til að mynda í bókun 3 við kjarasamninginn fjallað um mikilvægi sveigjanlegs vinnuumhverfis kennara og aukna möguleika í ljósi bættrar tækni í fjarvinnu og fjarkennslu. Það er því engum vafa undirorpið að vinna kennara getur að hluta til farið fram á heimili þeirra, svo sem í gegnum fjarskiptabúnað eða með notkun forrita á borð við Workspace, allt eftir því sem um er samið hverju sinni.
- 25 Leggja verður til grundvallar að í þeim tilvikum sem hér eru til skoðunar hafi stjórnendur skólans falið fyrrgreindum kennara að sinna tiltekinni vinnu eftir að dagvinnu lauk, sbr. grein 2.2 í kjarasamningi aðila. Breytir þar engu þó að óskað hafi verið eftir vinnuframlagi kennarans vegna tilmæla frá sóttvarnaryfirvöldum, enda var kennarinn eingöngu í ráðningarsambandi við Hafnarfjarðarbæ.
- 26 Eins og rakið hefur verið var umræddri vinnu í öllum tilvikum sinnt frá heimili kennarans og án þess að hann þyrfti að fara á vinnustað þar sem kennsla fer að jafnaði fram. Grein 2.3.3 í kjarasamningi aðila tekur samkvæmt orðalagi sínu eingöngu til tilvika þar sem starfsmaður er sérstaklega kallaður út til vinnu sem er ekki í beinu framhaldi af daglegri vinnu. Líta verður til þess að ákvæðið hefur verið efnislega óbreytt í kjarasamningnum í langan tíma og er sams konar ákvæði að finna í fjölda annarra kjarasamninga. Þá voru ekki gerðar breytingar á ákvæðinu eftir að fyrrgreindur dómur Félagsdóms frá 2. júlí 2003 féll, en þar var skýrt kveðið á um að réttur til greiðslu vegna útkalls væri eingöngu til staðar ef starfsmaður sem væri kvaddur til vinnu þyrfti að fara á vinnustað. Telja verður þessa túlkun Félagsdóms fá stoð í orðalagi ákvæðisins, sem og þeim tilgangi þess að greiða þriggja klukkustunda yfirvinnu vegna þess óhagræðis sem felst í því að þurfa að yfirgefa heimili sitt eftir að dagvinnu lýkur.
- 27 Að öllu framangreindu virtu telur dómurinn ekki unnt að skýra grein 2.3.3 í kjarasamningi aðila með þeim hætti að greiða skuli fyrir útkall þegar þess er óskað að kennari sinni vinnu í tengslum við smitakningu að heiman eins og hér á við. Engu

breytir í því sambandi þó að sá tími sem það tók að inna af hendi þá vinnu sem um ræðir teljist til vinnutíma sem greiða skuli fyrir samkvæmt öðrum ákvæðum kjarasamningsins.

- 28 Samkvæmt framangreindu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda. Að virtum atvikum telur dómurinn rétt að málskostnaður milli aðila falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar, er sýkn af kröfum stefnanda, Félags grunnskólakennara.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.